

## Minnisblað

Titill: Tillögur ÖBÍ réttindasamtaka um að láta endurhæfingar- og örorkulífeyristaka njóta þeirra ávinnings sem felst í nýju örorkulífeyriskerfis strax við næstu áramót í stað 1.

september 2025

Dags: 30. maí 2025

Unnið af: Ölmú Ýr Ingólfisdóttur formanni ÖBÍ, Bergþóri Heimi Þórðarsyni varaformanni ÖBÍ, Gunnari Alexander Ólafssyni hagfræðingi, Sigríði Hönnu Ingólfisdóttur félagsráðgjafa og Sigurði Árnasyni lögfræðingi ÖBÍ

---

Í fjármálaáætlun 2025-2029 kemur fram að ein „veigamikil breyting frá gildandi fjármálaáætlun sem fellur undir félags- og tryggingamál er seinkun gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis frá ársbyrjun 2025 til 1. september sama ár. Með breytingunni lækkar framlag sem gert hafði verið ráð fyrir í gildandi fjármálaáætlun til nýs örorkulífeyriskerfis um 10,1 ma.kr. vegna ársins 2025.“ Þessi breyting er gerð til að „skapa svigrúm fyrir aukin útgjöld í tengslum við aðkomu ríkissjóðs að gerð kjarasamninga á almennum markaði sem munu koma fram af miklum þunga á næsta ári“. Í [umsögn um Fjármálaáætlun](#) 2025-2029 gerði ÖBÍ réttindasamtök alvarlegar athugasemdir við að frestun gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis verði nýtt sem „sparnaðaraðgerð“ til að fjármagna aðkomu ríkissjóðs að kjarasamningum á almennum markaði.

Á fundi sem ÖBÍ átti með fjárlaganefnd 23. maí sl. kom fram beiðni frá nefndinni um að ÖBÍ sendi inn tillögur um hvernig samtökin sjá fyrir sér nýtingu á þeim 10 milljörðum sem á að spara.

ÖBÍ réttindasamtök leggja til að þeim 10 milljörðum sem áætlað er að spara með frestun á nýju örorkulífeyriskerfi verði veitt til endurhæfingar- og örorkulífeyristaka enda hefur þeim verið lofað kjarabótum í nokkurn tíma.

ÖBÍ réttindasamtök leggja til að endurhæfingar- og örorkulífeyristökum verði gert kleift að njóta 10 milljarða ávinnings af nýju örorkulífeyriskerfis með tvennum hætti.

1. Með því að dreifa þessum 10 milljörðum til bæði endurhæfingar- og örorkulífeyristaka mánaðarlega frá 1. janúar 2025 fram að gildistöku nýs kerfis 1. september 2025 eða í níu mánuði. Samanlagður fjöldi endurhæfingar- og örorkulífeyristaka er 23.094 (19.423 örorkulífeyristakar og 3.674 endurhæfingarlífeyristakar). Meðalgreiðsla til hvers endurhæfingar- og örorkulífeyristaka verði um 48.500 kr. á mánuði brúttó, en þess verði gætt að greiðslurnar til endurhæfingar- og örorkulífeyristaka verði án skerðinga og í hlutfalli við greiðsluréttindi þeirra. Upphæðir til endurhæfingar- og örorkulífeyristaka geta verið misháar í samræmi við mismunandi greiðsluréttindi einstaklinga í örorkulífeyriskerfinu.
2. Með skerðingarlausri eingreiðslu til endurhæfingar- og örorkulífeyristaka sem kemur til greiðslu 1. september 2025. Sú upphæð sem um ræðir er um 437.000 að meðaltali til hvers endurhæfingar- og örorkulífeyristaka (10,1 milljarður deilt niður á

23.097 einstaklinga á endurhæfinga-og örorkulífeyri, sem er sá fjöldi sem þáði lífeyrisgreiðslur frá TR í janúar 2024).

Hvort sem leið 1 eða 2 er valin skiptir máli að Tryggingastofnun ríkisins tryggi að þessar aukagreiðslur skili sér til endurhæfingar- og örorkulífeyristaka, eins og það hefði gert, ef nýtt örorkulífeyriskerfið hefði tekið gildi. Að auki skiptir miklu máli að þessar aukagreiðslur verði í réttu hlutfalli við greiðsluréttindi viðkomandi endurhæfingar- og örorkulífeyristaka.

ÖBÍ réttindasamtök leggja þunga áherslu á að þessar greiðslur skili sér óskertar til endurhæfingar- og örorkulífeyristaka, þ.e. leiði ekki til skerðinga á lífeyrisgreiðslum og hafi ekki áhrif á bætur eða greiðslur úr öðrum stuðningskerfum.